

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Hverfisgata 59, 61 og Frakkastígur 6b.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. september 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 59 og 61 við Hverfisgötu og 6b við Frakkastíg. Í breytingunni felst sameining lóða, bygging bílakjallara og að loka undirgöngum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Baldursgata 32 og 34.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 4. desember 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.186.3 vegna lóðanna nr. 32 og 34 við Baldursgötu. Í breytingunni felst hækkan á mæni hússins að Baldursgötu 32 og hækkan á þakbrún hússins að Baldursgötu 34.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavíkurflugvöllur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. október 2013, breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst stækkun á Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborg, 6. desember 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2013